

GREINARGERÐ  
LAXARNEFNDAR  
TIL  
ORKUMÁLASTJÓRA

September 1969

GREINARGERÐ  
LAXARNEFNDAR  
TIL  
ORKUMÁLASTJORA

September 1969

E F N I

Bréf til orkumálastjóra  
Greinargerð nefndarinnar

- Fskj. 1 Skipunarbréf Raforkumálastjóra til nefndarmanna
- " 2 Skýrsla Páls Hafstað um jarðir meðfram Kráká og Laxá m. uppdr.
- " 3 Skýrsla um viðtöl nefndarinnar við veiðimálastjóra
- " 4 Ísar í Laxá og Kráká eftir Sigurjón Rist
- " 5 Aurburður í Laxá og Kráká eftir Hauk Tómasson
- " 6-21 Línurit frá Vatnamælingadeild Orkustofnunar  
Vatnsborðshækkun vegna Suðurárveitu og dagssveiflur
- " 22 Miðgildi Laxár, vhm 32, Birningsstaðasog
- " 23 5 ára meðaltöl Laxár, vhm 32, Birningsstaðasog
- " 24 Hlutdeild Suðurárveitu í orkubúskap Laxárvirkjana
- " 25 Nokkur atriði varðandi val á stífluhæð við Gljúfurver
- " 26 Gljúfurver, stutt lýsing á fyrirhuguðu orkuveri
- " 27 Gljúfurver, 7 uppdrættir

Orkumálastjóri ,  
Laugavegi 116, .  
Reykjavík.

Með bréfi dags. 26.6. 1964 fóluð þér okkur undirrituðum að kanna, hvort og að hve miklu leyti fullvirkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar kynni að valda spjöllum á ánni og nánasta umhverfi hennar og jafnvel beinu fjárhagslegu tjóni.

Í bréfinu er verkefni nefndarinnar vel skilgreint og hefir nefndin hagað störfum sínum í samræmi við það , nema að því leyti, að hún taldi ekki fært að ganga frá viðhlýtandi skýrslu án þess að afla ýmissa upplýsinga, er hlutu að taka alllangan tíma og treysti sér því ekki til að fara að þeim fyrirmælum yðar : "að hún takmarki starf sitt í fyrstu við það að gefa eins ýtarlega skýrslu og hún telur sér fært á grundvelli þeirra gagna, sem nú eru fyrir hendi, en bendi jafnframt á hverra viðbótarupplýsinga sé þörf til að gera málinu viðhlýtandi skil".

Er það jafnvel svo, nú eftir svona langan tíma, að nefndin telur enn þörf á viðbótarupplýsingum. Nokkrir þættir eru einnig þannig vaxnir, að nefndin hefir ekki treyst sér til að gera þeim full skil og yrði reynsla að skera úr þar um. Er hér einkum um að ræða þau áhrif, er breytt hitastig á árvatninu kynni að hafa í för með sér á lífsskilyrði fiska, en lónið mun orsaka, að árvatnið neðan lónsins verður heitara en nú fram eftir vetri, en hitnar seinna á vorin. Í því skyni að samanburður fáiast hefir nefndin látið setja upp siritandi hitamæla á eftirtöldum stöðum : við Helluvað vhm 105 og Laxamýrarbrú vhm 123.

Ýmislegt hefir orðið til að tefja störf nefndarinnar. Skal það þó ekki rakið hér. Hins vegar má benda á, að drátturinn hefir að því leyti verið til bóta, að nú liggur fyrir endanleg og ákveðin hönnun aðalvirkjunarinnar við Brúar, nefnilega hönnun Gljúfurvers, og hefir þegar verið gengið frá útboðslýsingu af 1. stigi hennar, en sú virkjunarhönnun er í ýmsu frábrugðin þeim tillögum, sem efstar voru á baugi, er nefndin var skipuð.

Nefndin hófst þegar í byrjun handa um gagnasöfnun.

Lét hún semja skrá um allar jarðir, er að ánni liggja, landamerki þeirra, ábúendur, jarðeigendur og aðrar þær upplýsingar, er Páli Hafstað tókst að afla, en hann sá um skýrslugerð þessa fyrir okkur ( fylgiskjal 1 ).

Þá var ákveðið að fjölga vatnshæðarmerkjum við ána og settir voru sítandi vatnshæðarmælar á nokkrum stöðum, en fyrir voru og eru þrír við Helluvað nr. 105, Birningsstaðasog nr. 32 og við Laxamýrarbrú nr. 123. Þá voru settir upp vatnshæðarkvarðar á 10 stöðum við ána.

Með tilraunum með mismikið rennsli um lokuvirkin í Geirastaðakvísl hafa verið könnuð áhrif þau, sem mismunandi vatnsrennsli vegna dægur-sveiflu væntanlegrar virkjunar hefir og sömuleiðis breytingar á straumhraða og vatnsborðslegu á ýmsum ákvarðandi stöðum neðar í ánni.

Nefndin hefir átt viðtöl við veiðimálastjóra í því skyni að afla upplýsinga um áhrif þau, er rekstur stöðvanna kann að hafa á lífsskilyrði vatnafiska og breytingar, er á þeim kynnu að verða.

Þá hefir nefndin farið á vettvang og kynnt sér aðstæður auk þess sem nefndarmenn hver í sínu lagi voru allkunnir staðháttum fyrir.

Skulu störf nefndarinnar nú ekki rakin frekar hér, heldur vísast til greinargerðar hennar og fylgiskjala. Í henni hefir verið fylgt, um kaflaskiptingu, skilgreiningu yðar á starfi nefndarinnar.

Í sem stytztu máli eru niðurstöður nefndarinnar þessar :

1. Nefndin gerir ráð fyrir, að byggð í núverandi formi í Laxárdal takist af vegna þess, að ræktarlönd og mannvirki fari að nokkru og öllu leyti í kaf með tilkomu miðlunarlónsins, Laxárlóns, í dalnum. Annars staðar verði ekki spjöll á löndum.
2. Veiði í framhluta Laxár í Laxárdal breytist og minnkar. Hins vegar er það álit nefndarinnar, að veiði neðar í ánni muni ekki versna, en tekur jafnframt fram, að því er þetta atriði varðar, að þrátt fyrir þetta persónulega mat nefndarmanna eru hér sumir þættir, er orka tvímælis, og mælir hún í þessu sambandi með því, að hafnar verði í ánni líffræðilegar ( biologiskar ) athuganir, sem hér til hafa verið

af skornum skammti, í því skyni að hægara verði að gera samanburð eftir að virkjunarframkvæmdir hafa verið gerðar.

3. Ágangur vegna ísa verður minni en áður, nema niður við Knútsstaði, þar sem hann kann að verða nokkru meiri, og suður af Baldursheimi, þar sem hann verður væntanlega áþekkur og nú.
4. Meðalrennsli og venjulegt rennsli aukast um það sem Suðurárveitu nemur ( um 16 kl/s ).

Flóð í Laxá neðan við Brúar verða mun minni eftir framkvæmdirnar en þau eru nú.


Lægsta rennsli neðan við Brúar verður meira en nú og flytzt frá vetri til sumars vegna dægursveiflu og álagsbreytinga stöðvanna.

5. Aurburður verður væntanlega svipaður og nú, enda séu viðhlýtandi ráðstafanir gerðar í Kráká, þegar Suðurárveita verður gerð. Hann sezt allur að í Laxárlóni, en hefir ekki áhrif á virkjanirnar, þar sem lónið getur tekið við honum næstu 5-10 þúsund árin. Hins vegar verður þetta til bóta fyrir virkjanirnar, þar sem minna slit verður á vélum fyrir bragðið.

Neðan við Brúar kann að grafast burtu sandur úr Laxá.

6. Nefndin álítur, að virkjunarframkvæmdirnar auki frekar náttúrufegurð Laxár en hitt.
7. Nefndin treystir sér ekki til að meta áhrif framkvæmdanna á "útlífsverðmæti" árinna, en er þeirrar skoðunar, að þau rýrni ekki.
8. Af framansögðu er það ljóst, að í sumum tilvikum munu hinar ráðgerðu virkjunarframkvæmdir valda beinu tjóni, en nefndin lítur svo á, að það tjón sé fyllilega réttlætanlegt þegar litið er til þess hagnaðar, sem framkvæmdirnar muni skila og þeirrar nauðsynjar að sjá stórum landshluta fyrir ómissandi orku.

  
Sigurjón Rist

  
Haukur Tómasson

  
Sigurður Thoroddsen

GREINARGERÐ

Niðurstöður nefndarinnar eru miðaðar við ástandið eftir fullvirkjun Laxár við Brúar með Suðurárveitu.

1. Rennsli fyrir og eftir fullvirkjun

Meðalrennsli Laxár, sem nú er  $MQ = 43,2$  kl/s ( 19 ára meðaltal ) vex um viðbótina, sem fæst með Suðurárveitu um hér um bil 16 kl/s og verður þannig um 59 kl/s. Venjulegt rennsli Laxár,  $MQ_{50}$ , sem nú er 42,4 kl/s, má ætla að verði um 58 kl/s.

Hæsta rennsli Laxár, sem mælt hefir í ánni ótruflaðri við Brúar, er 164 kl/s, en við Æðarfossa hér um bil 200 kl/s.

Framhjárennslisvirki stíflunnar við Brúar eru hönnuð fyrir 300 kl/s flóð. Áætluð mestu flóð á hverjum 100 og 1000 árum eru skv. viðurkenndum reikningsaðferðum ( Gumpel ) 195 kl/s og 260 kl/s. Virkin geta þó flutt allmiklu meiri flóð án þess að hætta steðji að.

Flóð ofan við Brúar aukast frá því sem nú er við tilkomu Suðurárveitu um 16 kl/s, ef gert er ráð fyrir að lokumannvirki hennar verði höfð opin og er rétt að reikna með því.

Neðan við Brúar dregur allmikið úr flóðum frá því sem nú er. Mestu flóðin hafa orðið þegar saman hafa farið vorleysingar á vatnsviði Reykjadalssár og Laxár. Með tilkomu lónsins ofan við Brúar verður þetta tilvik úr sögunni. Með þeim niðurdrætti á vetrum, sem gera má ráð fyrir að verði í Laxárlóni ofan við stífluna, 7 m, nægir rýmið í lóninu til þess að taka við vorflóðunum úr Laxá í flestum tilvikum og dregur að öðrum kosti allverulega úr þeim.

Lægsta rennsli, sem mælt hefir í Laxá ótruflaðri við Brúar er  $LQ = 28$  kl/s. Ónákvæmt vegna áhrifa stíflumannvirkja við Mývatn.

Ofan við Brúar hækkar lægsta rennsli um það sem Suðurárveitu nemur, eða upp í 44 kl/s, nema þau fáu skipti, sem lokumannvirki hennar yrðu lokuð til eftirlits, en ólíklegt er að það yrði gert þegar lágt er rennsli árinna.

Neðan við Brúar verður LQ hærra en nú og flytzt frá vetri til sumars.

Ræður hér um orkuvinnsla stöðvanna við Brúar. Má ætla að það verði minnst um 40 kl/s eftir fullvirkjun. (Sbr. fylgiskjal, er sýnir áætlaða "álags"-dagkörfu Gljúfurvers.)

## 2. Vatnsborð Laxár fyrir og eftir framkvæmdir

Gert er ráð fyrir að stíflað verði með 57 m hárrí stíflu, þar sem hún verður hæst. Verður yfirfall hennar í 153,5 m y. s. hæð. Við hönnunarflóð verður vatnsborð lónsins í 155 m hæð y. s.

Gert er ráð fyrir 7 m niðurdrætti í lóninu, svo að vatnsborð þess í vetrarlok ætti að verða í um 146 m y. s. hæð.

Í fylgiskjöllum, er Vatnamælingadeild hefir gert, nr. 6 til 21, er nánari grein gerð fyrir vatnsborðshækkunum við mismunandi rennsli í ánni og vísast til þeirra hér.

Vatnsborð við mestu flóð verður lægra en nú er neðan við Brúar.

Á sumrum verða neðan virkjunar vatnsborðshækkunar háðar dagsveiflum vegna álagsbreytinga og er gerð grein fyrir þeim í sömu fylgiskjöllum. Samkvæmt þeim verða vatnsborðsbreytingar og straumhraðabreytingar á eftirtöldum stöðum sem hér segir :

	Vatnsborðssveifla cm	Straumhraðabreyting MV cm/s
Að Múla	12	16
" Nesi	23	15
" Knútsstöðum	22	11
" Laxamýrarbrú, vhm 123	16	15
Við Mýrarvatn	6	4

Úr vatnsborðssveiflum þessum má draga, ef rekstur stöðvanna er við það miðaður að gera þær sem minnstar, sbr. fylgiskjal 21, en nefndin bendir á, að óvarlegt sé að treysta því að svo verði í reynd.



### 3. Vatnshiti, ísalög og ísburður í Laxá og Kráká

#### á mismunandi stöðum fyrir og eftir virkjunarframkvæmdir

##### Vatnshiti

Hiti Laxár fylgir lofthitanum allnáið, þ. e. a. s. meðan lofthiti er yfir  $0^{\circ}\text{C}$ . Ræður hér mestu, að Mývatn er grunnt og svo er Laxá sjálf víða breið og grunn, og á flúðum hraunhafta þyrlast vatnið upp, svo að snerting við loft er mikil. Mývatn hitnar fljótt á sumrin og nær þá Laxá miklum sumarhita. Niður við ármót Krákár og Laxár fylgir Kráká lofthitanum sæmilega náíð. Er sumri tekur að halla er þar nokkur hitamismunur áanna, Laxá er heitari, veldur því vatnshiti Mývatns. En varmi Mývatns er lítill, svo að hann endist skamma stund. Um veturnætur er vatnshitinn við Mývatnsósa kominn niður undir  $0$ -markið. Þegar íspekja hefur lagzt á Mývatn lyftist vatnshitinn á ný frá  $0$ -marki um eina til tvær gráður.

Með tilkomu Laxárlóns verða breytingarnar þessar :

- 1) Vorleysingavatni verður safnað í Laxárlón, það er kalt vatn, af þeirri söfnun leiðir :
  - a) Snemma vors meðan leysing stendur yfir verður minna vatn í farveginum í Aðaldal en ella og þar af leiðandi hlýrra.
  - b) Í lok snjóleysingatímabilsins er leysingavatnið í Laxárlóni í stað þess að vera runnið til sjávar, áin neðan virkjana hitnar því seinna að sumrinu.
- 2) Í Laxárlóni blandast saman vatn frá ólíkum árstíðum. Sumarrennsli Mývatns og Krákár ( Suðurárveita ) hitar lónvatnið upp og hið aukna vatnsyfirborð í Laxárdal mun taka á móti enn frekari hitun, svo að í lok sumars verður mikill varmi bundinn í Laxárlóni.
- 3) Þegar íspekja hylur Laxárlón verður vatnshiti við botn um  $4^{\circ}\text{C}$ . ( Vatnshiti við botn Mývatns á veturnum er  $1,5$  til  $2,5$  )
- 4) Á veturnum verður vatn frá orkuverunum nokkurra gráða heitt, í stað þess að nú er vatn frá Laxárvirkjun iðulega við  $0$ -mark og mengað krapí.
- 5) Í heild verða áhrif Laxárlóns og Suðurárveitu til þess að minnka fylgni vatnshitans við lofthita líðandi dags.

##### Ísar

Með tilkomu Laxárlóns verða allar truflanir af völdum íss og krops við Brúarvirkjanir úr sögunni. Lónið mun verða á ísum meginhluta

vetrar og fram á vor. Það mun taka við öllu krapí og ís, sem að ofan berst.

Hrönnin sem nú myndast ofan við Grenjaðarstaði mun ekki koma frammar, þar mun áin verða opin og nokkuð niðureftir, en þó ekki alla leið að Hólmavaði er hörkur ganga.

Virkjunarframkvæmdirnar munu seinka ísalögum ofarlega í Aðaldal. Í kyrrstæðar vîkur mun koma lagnaðarís og auður áll eftir miðri á verður væntanlega áberandi. Hækkun af völdum ísa verður sjaldnar og stendur skemur en nú á svæðinu Fjall-Hólmavað, en væntanlega verður versti ágangur þar áþekkur og nú.

Hjá Knútsstöðum má gera ráð fyrir nokkru meiri vatnsborðshækkunum við ísalagnir en þær eru nú, væntanlega 0,2-0,4 m.

Neðan við Laxamýrarbrú verða vart merkjanlegar árvissar breytingar, ef undan er skilin vatnsborðshækkun vegna aukins rennslis.

Kráká hleður upp hrönn á hverjum vetri neðan við og neðst í brekkunum suðaustur af Baldursheimi. Áin mun gera það með líku sniði eftir að Suðurá er komin í hana, ef til vill nokkru meira. Ís mun þó að jafnaði leggjast að viku til hálfum mánuði seinna að haustinu en nú, að því er ætla má og íslausnir að vori verða um mánuði fyrr en nú er.

Verði farvegur Krákár lagaður eins og minnst er á annars staðar í greinargerðinni, mun hún neðan brekkanna væntanlega eiga greitt rennsli undir lagnaðarísi.

Við Mývatn verður breyting vart önnur en sú, að sjaldnar mun þurfa að hreyfa lokuvirkin við Geirastaði.

#### 4. Aur- og sandburður Laxár fyrir og eftir framkvæmdir

Aurburður Laxár nú kemur aðallega með Kráká. Er hann nú talinn munu vera um 30 þúsund tonn á ári ( sbr. fylgiskjal 5 ). Fyrst eftir að Suðurráveita er gerð mun þessi aurburður vaxa þangað til farvegur Krákár er kominn í jafnvægi eftir vatnsmagnsaukninguna. Má ætla að hann geti orðið allt að 300 þús. tonn/ári þann tíma, en úr því minnkar hann aftur og verður þá líkur og hann er nú eða jafnvel minni.

Áhrif af þessu verða þau, að farvegur Krákár dýpkar og kann að grafast út sums staðar. Með viðeigandi ráðstöfunum, greftri hraunhafta sem í ánni eru, fyrirhleðslum á réttum stöðum, einkum á kafl-  
anum frá Strengjabrekku niður fyrir Litluströnd, er auðvelt og sjálf-  
sagt að koma í veg fyrir veruleg spjöll af þessum sökum, auk þess  
sem með slíkum ráðstöfunum verður jafnframt komið í veg fyrir  
að áin hlaupi yfir Framengjar og út í Grænavatn.

Nefndin bendir á, að þrengsli, sem nú hindra framrennsli Krákár,  
eru brúaropið á Þjóðveginum sunnan Laxár og önnur brúarop og er  
rétt að hafa þetta í huga, þegar að því kemur að smíða þarf nýjar  
brýr, sem væntanlega verður gert áður en til framkvæmda á Suður-  
árveitu kemur (árið 1990 samkvæmt áætlunum nú). Til samanburð-  
ar er líka rétt að fylgjast með háttum árinna fram til þess tíma.

Allur aurburðurinn mun setjast að í Laxárlóni og mynda óshólma  
efst í lóninu. Aurburðurinn er þó ekki meiri en svo, að engu skipt-  
ir um framtíðarhorfur virkjananna, þar sem það mun taka 5 til 10  
þúsundir ára að fylla lónið.

Á hinn bóginn bendir nefndin á þann möguleika, að aurburðinn er  
hægt að minnka allverulega, ef það verður talið heppilegt með upp-  
græðslu á vatnasviði Krákár, en samkvæmt greiningu á aurburðar-  
sýnum stafar hann að meginhluta af foki í ána.

Eins og fyrr sagði sezt aurrinn að í Laxárlóni og gerir það að verk-  
um, að ekki bætist aur í Laxá neðan virkjana. Kann þetta að verða  
til þess, að farvegur Laxár grafist á svæðum út og dýpki á pörtum.  
Mun þó aðallega um sand að ræða, sem burtu berst.

##### 5. Lífsskilyrði vatnafiska í Laxá fyrir og eftir virkjunarframkvæmdir

Að því er þetta atriði varðar leitaði nefndin til veiðimálastjóra og  
átti með honum tvo fundi á s.l. vori.

Á fylgiskjali er skýrsla um viðtöl nefndarinnar við hann.

Af henni má helst ráða, að það sé erfiðleikum bundið að segja fyrir  
um breytingar á lífsskilyrðum vatnafiska vegna framkvæmdanna.  
Sé rétt að kanna sem bezt aðstæður eins og þær eru nú, svo að  
samanburður eftir framkvæmdir verði fær. Af þessu tilefni gekkst

nefndin fyrir því m. a., að settir voru upp síritandi hitamælar. Jafnframt liggja fyrir miklar upplýsingar um rennslishætti árinna.

Nefndin bendir á, að rétt væri að hefja nú þegar líffræðilegar athuganir í ánni einnig, en þær virðast ekki liggja fyrir nema af skorum skammti.

Hins vegar er það skoðun nefndarinnar byggð á mati hennar á viðtölunum við veiðimálastjóra, að ekki sé útlit fyrir að lífsskilyrði vatnafiska í Laxá neðan virkjunar breytist að því skapi, að fiskistofn hennar sé hætta búin og að fjárhagslegt tjón hljótist af virkjunarframkvæmdunum í þessu tilliti.

#### 6. Land sem fer undir vatn vegna virkjunarframkvæmdanna

Jarðir þær í Laxárdal, sem varanleg vatnsborðshækkun nær til vegna framkvæmdanna, eru :

Að vestanverðu :	Að austanverðu :
Grenjaðarstaðir	Presthvammur
Brúar	Kasthvammur
Birningsstaðir	Árhvammur
Halldórsstaðir	Hólar og
Þverá	Árhólar
Auðnir og Ljótsstaðir	

Af jörðunum austan dalsins verða Árhvammur og Kasthvammur verst úti. Þar munu ræktarlönd öll og margt mannvirkja fara undir vatn. Spjöll á jörðunum Hólum og Árhólum verða miklu minni og á Presthvammi lítil.

Vestan dalsins verða mikil spjöll á jörðunum Birningsstöðum, Halldórsstöðum og Þverá, en minni á Auðnum og lítil á Brúum, Grenjaðarstað og Ljótsstöðum.

Þó má fullyrða, að byggð í núverandi formi muni takast af ofan við virkjunarmannvirkin.

Vegurinn upp dalinn liggur það lágt, að hann fer í kaf báðum megin dalsins og eins brúin yfir Birningsstaðasogið, sem tengir vegina saman.

Af því er dýralíf og gróður varðar, annað en áður segir um fiska, er nefndin þeirrar skoðunar, að Laxárdalur hafi enga sérstöðu, er taka þurfi sérstakt tillit til og er henni ekki kunnugt um og veit ekki til þess, að það sé á nokkurn hátt sérstætt, hvorki að því er varðar einstakar tegundir né dýralíf og gróðurfar almennt.

Annars staðar á ekki að verða tjón vegna þess að land fari undir vatn, hvorki við meðalrennsli (MQ) eða venjulegt rennsli vegna virkjunarframkvæmda. Bakkar Laxár neðan virkjana eru þannig gerðir víðast hvar, að sú vatnsborðshækkun, sem verður vegna Suður-árveitu, en þó einkum vegna álagssveifla í orkuverunum, mun ekki valda því að land kaffærist. Auk þess fellur Laxá víða um gljúpt land, hraun, og það skeður nú sums staðar að vatn lekur úr farvegi hennar og vex sá leki með auknu rennsli í ánni, án þess þó að grunnvatnsborð hækki, svo að af því hljótist spjöll á ræktuðu landi eða beitolandi.

Eins og áður segir munu flóð verða minni eftir framkvæmdirnar en þau eru nú, svo að heldur mun draga úr og minnka það land, sem í slíkum tilvikum fer undir vatn.

Að því er Kráká varðar er sjálfsagt að gera ráðstafanir til þess að hefta vatnságang, eins og áður var á minnst.

#### 7. Áhrif virkjunarframkvæmda á náttúru- fegurð Laxár og umhverfis hennar

Sitt sýnist hverjum og á það ekki sízt við þegar metin er fegurð landslags og útsýnis.

Breyting sem framkvæmdirnar valda að því er tekur til landslags, verða eingöngu bundnar við hlutann frá Brúum neðan virkjana og suður Laxárdalinn rétt fram fyrir Auðnir.

Fossar og gil í gljúfurbotni Laxárgljúfra munu ekki breytast að öðru leyti en því, að vatnsmagn þar verður miklu minna á sumrum, en þó verður þar alla jafna nokkurt rennsli, en á veturnum verða þau þurr.

Sjálfr munu Laxárgljúfrin lokast af stíflunni.

Ofan við stífluna myndast hið mikla lón, sem nær upp fyrir Auðnir. Fossar og flúðir hverfa. Þarna verða brattar hlíðar beggja megin vatns, er hálfyllir dalinn. Sérstaklega verða hlíðarnar brattar næst stíflu, en ofar í dalnum verða aflíðandi brekkur niður að vatninu. Hólmar verða á stöku stað. Bugður á dalnum gera það, að ekki sést eftir vatninu endilöngu. Á vetrum verður dregið niður í lóninu um 7 m og myndast þá ljótar fjörur, en í vorflóði fyllist vatnið aftur og er því alltaf fullt á sumrum og haustum, þegar fólk helst sér það.

Við suðurenda vatnsins verða hólmar og með tímanum myndast þar óshólmar, sem væntanlega gróa upp.

Þar suður af heldur dalurinn svip sínum í suðurátt, en í norðurátt blasir vatnið við.

Flúðum, fossum og hólumum þessa hluta er ekki hætt í bili.

Nefndin telur erfitt að leggja dóm á það, hvort breytingin verður til bóta eða lýta. Hún telur víst, að mörgum finnist að henni fegurðarauki, og hallast nefndin að því áliti, en gerir ráð fyrir að aðrir verði væntanlega þar á öndverðum meiði.

#### 8. Áhrif virkjunarframkvæmda á aðstöðuna til hvers konar sportiðkana og útilífs á eða í Laxá og nánasta umhverfi hennar

Það er alkunna um virkjanir hér á landi, að þær draga að sér ferðamenn. Hefir verið svo um þær flestar og fullyrða má, að Laxárvirkjanirnar hafa gert þetta líka. Munu miklu fleiri Íslendingar hafa séð Laxárgljúfrin vegna virkjanaframkvæmdanna, sem þar hafa verið unnar en ella. Sama mun uppi á teningnum eftir hinar fyrirhuguðu framkvæmdir, að þangað mun beinast ferðamannastraumur.

Eins og marka má af því, sem hér er sagt á undan, er nefndin þeirrar skoðunar, að virkjunarframkvæmdirnar muni ekki draga úr þeim sportiðkunum, veiðimennsku og útilífi, sem nú tíðkast við Laxá neðanverða, neðan virkjana. Er það álit hennar, að hún verði áfram sú laxveiðiá, sem rómuð hefir verið.

Ofan við Brúar hefir verið silungsveiði nokkur í ánni, en aðstæður til hennar munu breytast verulega og verða væntanlega með öðru móti.

Laxárlón skapar skilyrði til bátsferða og ef til vill veiðimennsku í því sambandi. Við syðri hluta lónsins gætu verið góð sumarbústaðalönd við vatnið, en alkunna er, að hvergi er vinsælla að hafa sumar-  
bústaði en við vatnsstrendur. Syðsti hluti dalsins heldur sínu óbreyttu.

Nefndin treystir sér ekki til að meta áhrif framkvæmdanna á útilífs-  
verðmæti árinna, en er þó þeirrar skoðunar, að þau muni ekki rýrna, en verða með nokkuð öðrum hætti en nú.

## 9. Önnur atriði

Greinargerðinni fylgja allmörg fylgiskjöl og er skrá yfir þau í efnis-  
yfirliti. Auk þessa vísar nefndin til skýrslu á ensku frá Verkfræðis-  
stofu Sigurðar Thoroddsen s. f.: "Gljúfurver Project. Definite  
Project Report" Jan. 1968, en þar er að finna auk lýsingar á virk-  
unarframkvæmdunum yfirlit yfir jarðfræði svæðisins eftir Hauk  
Tómasson, jarðfræðing.

**RAFORKUMÁLASTJÓRI**  
**RAFORKUMÁLASKRIFSTOFAN**

PÓSTHÓLF 40, REYKJAVÍK  
 SÍMNEFNI: RARÍK  
 SÍMI: 17400

Tilv. yðar

Bréf yðar

Tilv. vor

Dags.

JB/eg  
 (óskast tilgreind í svari)

25.6.64

Hr. Sigurður Thoroddsen  
 verkfræðingur  
 Miklubraut 34  
 REYKJAVÍK

Varðar: Nefndarskipun vegna Laxár, S-Ping.

Í sambandi við áætlanagerðir þær og rannsóknir, sem fram hafa farið að undanfögnu varðandi fullvirkjun Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu við Brúar og hugsanlega rennslisaukningu Laxár með veitu úr Suðurá-Svartá, hafa sumir þeirra, er búa í nágrenni árinna, látið í ljós áhyggjur um að hinar ráðgerðu virkjunarframkvæmdir kynnu að valda spjöllum á ánni og nánasta umhverfi hennar og jafnvel beinu fjárhagslegu tjóni. Verður því að telja æskilegt, að þessi hlið virkjunarmála Laxár sé tekin til athugunar jafnhliða virkjunaráætlunum.

Með tilliti til þessa hefi ég talið rétt að fá mál þetta sérstakri nefnd til athugunar og umsagnar. Í nefndina hefi ég hugsað mér eftirtalda menn:

Sigurð Thoroddsen, verkfræðing  
 Sigurjón Rist, vatnamælingamañn  
 Hauk Tómasson, jarðfræðing

og leyfi ég mér að vænta þess, að þér sjáið yður fært að starfa í nefndinni.

Verkefni nefndarinnar á að mínum dómi að vera það að taka eftirfarandi atriði til athugunar og gera um þau skýrslu.

1. Rennsli Laxár fyrir og eftir fullvirkjun við Brúar og Suðurráarveitu, bæði ofan Brúar og neðan.
  - 1.1 Meðalrennsli (MQ)
  - 1.2 Venjulegt rennsli (Q50)
  - 1.3 Hæsta rennsli
  - 1.4 Lægsta rennsli




2. Vatnsborð Laxár fyrir og eftir framkvæmdirnar.
  - 2.1 Varanlegar vatnsborðshækkunarir vegna stíflugerðar.
  - 2.2 Vatnsborð á mismunandi stöðum við meðalrennsli og venjulegt rennsli.
  - 2.3 Vatnsborð á mismunandi stöðum við hæsta rennsli.
3. Ísalög og ísburður í Laxá á mismunandi stöðum fyrir og eftir framkvæmdirnar.
4. Aur- og sandburður Laxár fyrir og eftir virkjunarframkvæmdirnar.
5. Lífsskilyrði vatnafiska í Laxá fyrir og eftir framkvæmdirnar.
6. Land, sem fer undir vatn, vegna vatnsborðshækkana af völdum virkjunarframkvæmdanna. (Leitast skal við að flokka landið eftir verðmæti, svo sem tún, engi, beiti-land, kjarrlendi, mýrar, ógróið land).
  - 6.1 Land, sem fer að staðaldri undir vatn, vegna stíflugerðar.
  - 6.2 Land, sem fer undir vatn við meðalrennsli og venjulegt rennsli, virkjunarframkvæmdanna.  
vegna
  - 6.3 Land, sem fer undir vatn í flóðum, vegna virkjunarframkvæmdanna.
7. Áhrif virkjunarframkvæmdanna á náttúrufegurð Laxár og umhverfis hennar, t.d. á kjarrgróður í hölmum, á útlit fossa og flúða o.s.frv.
8. Áhrif virkjunarframkvæmdanna á aðstöðuna til hvers konar sportiðkana og útilífs á eða í Laxá og nánasta umhverfi hennar. Æskilegt er, að reynt sé að meta áhrif framkvæmdanna á útilífsverðmæti (recreational value) árinna.
9. Önnur atriði, sem nefndinni þykir ástæða til að ræða.

Eins og framangreind upptalning ber með sér, er hér um nokkuð umfangsmikið verkefni að ræða. Til þess að gera því fullnægjandi skil er viðbúið að afla þurfi ýmissa upplýsinga, sem nú eru ekki fyrir hendi. Til þess að starf nefndarinnar dragist ekki um of á langinn, er því rétt, að hún takmarki

starf sitt í fyrstu við það að gefa eins ýtarlega skýrslu og hún telur sér fært á grundvelli þeirra gagna, sem nú eru fyrir hendi, en bendi jafnframt á hverra viðbótarupplýsinga sé þörf til að gera málinu viðhlítandi skil.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Jón D. Guðmundsson". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke at the beginning.

Reykjavík, 13. des. 1965


Til Laxárnefndar  
c/o Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur  
Miklubraut 34,  
Reykjavík.  
-----

Samkvæmt beiðni Laxárnefndar fór ég á s.l. sumri til Þingeyjar-  
sýslu og kynnti mér hvaða jarðir liggja að Laxá og Kráká í S.-  
Þing. Jafnframt aflaði ég mér upplýsinga um, eftir því sem tók  
voru á, landamörk jarðanna, hverjir eru eigendur og ábúendur þeirra  
o.fl.

Þessu verki hefi ég nú lokið og fylgir úrlausnin með bréfi þessu:

- A. Skrá og upplýsingar um jarðir sem land eiga að Laxá og Kráká  
í S.-Þing.
- B. Landabréf 1:50.000 þar sem leitast er við að sýna landamörk  
jarðanna meðfram ánum.

Virðingarfyllst,



-----  
Páll Hafstað



Skrá yfir jarðir, sem land eiga að Kráká í Mývatnsveit.  
Unnið af Páli Hafstað sept. - des. 1965.

1. Krákárþakki, fremsta býlið á land meðfram ánni vestanverðri.  
Eyðibýli síðan 1910.  
Eign ríkissjóðs að ¼ hlutum og Kristjáns Hannessonar frá Haganesi að 1/3.  
Jörðin er nytjuð sem afréttarland frá Skútustöðum.
2. Sellandshús fremsta býlið austan Krákár.  
Eyðibýli síðan um móðurharðindin.  
Tilheyrir Grænavatni - eignarjörð Grænavatnsbónda.
3. Oddstaðir skammt norðan við Sellandshús.  
Eyðibýli síðan fyrir móðurharðindin.  
Tilheyrir Grænavatni, sem er eignarjörð Grænavatnsbónda.
4. Hrútavíðrasel, vestan Krákár.  
Eyðibýli síðan 1703.  
Tilheyrir Baldursheimi, sem er eignarjörð Baldursheimisbónda.
5. Þorleifsstaðir, vestan Krákár.  
Eyðibýli síðan laust eftir 1700.  
Tilheyrir Baldursheimi.
6. Baldursheimur I, vestan Krákár.  
Eigendur og ábúendur þórir Torfason og synir hans. Ketill og Pétur - Félagsbú - íbúðarh. í smíðum.  
Áhöfn 1963: 318 kindur, 7 kýr, 4 hross.  
Tún 675 h, úthey 160.
7. Baldursheimur II vestan Krákár.  
Eigandi og ábúandi Baldur Þórisson, nýtt íbúðarhús í smíðum.  
Áhöfn '63: 115 kindur, 4 kýr, 2 hross.  
Tún 270 h, úthey 130 h.

8. Þórólfsheill, skammt norðan við Baldursheim, austan ár. Eyðibýli í nokkur ár.  
Lagt undir Baldursheim I. Tún 250 h.
9. Litla Strönd næsti bær utan við Baldursheim. Á land að Kráká beggja megin árinna. Eigandi er Kristján Jónsson en ábúandi Steingrímur Kristjánsson.  
Jörðin er land lítil. Tún 500 h, úthey 75 h.  
Áhöfn '63: 264 kindur, 4 kýr, 1 hross.
10. Gautland I, ættaróðal ( vestan ár sunnan Arnarvatns. Ábúendur: Böövar Jónsson og Jón Gauti Pétursson  
Áhöfn: 240 kindur, 9 kýr, 5 hross.  
Tún 700 h, úthey 150 h. ( Gautlönd I = 2/3 hlutar af allri jörðinni ).
11. Gautlönd II, 1/3 hluti allrar jarðarinnar Gautlanda. Ábúendur: Sigurgeir Pétursson, Jón Pétursson og Pétur Pétursson, félagsbú en tvær íbúðir í sama húsi ( ábúendur eru líka eigendur ).  
Áhöfn: 240 kindur, 9 kýr, 6 hross.  
Tún 630 h, úthey 200 h.  
Litlu - Gautlönd, eyðibýli sem er sunnan við Arnarvatn tilheyrir nú Gautlöndum II.  
Sveinsströnd, eyðibýli er að hluta fallið undir Gautlönd ( og að hluta undir Litluströnd ). Þar eiga Gautlönd nú land beggja megin Krákár á stuttum kafla ( sjá kortið ).
12. Alftagerði I, II, III og IV eiga land að Kráká austanverðri sunnan frá landsspildu Gautlanda austan ár og út að Smiðju-tjörn.  
Ábúandi á nr. I. Aðalsteinn Kristjánsson ( Eigandi Jónas Einarsson ).  
Áhöfn: 72 kindur, 3 kýr og 1 hross.  
Ábúandi og eigandi á nr II: Dagbjartur Sigurðsson  
Áhöfn: 120 kindur, 3 kýr, 1 hross.

Ábúandi og eigandi á nr III: Geir Kristjánsson og Jón Jónsson.

Áhöfn: 20 kindur, 2 kýr.

Ábúandi og eigandi á nr IV Jónas og Gestur Jónssynir

Áhöfn: 95 kindur, 3 kýr, 1 hross.

Tún þessara jarða eru smá 100 - 450 h.

13. Haganes, austan ár.

Ábúendur og eigendur: Ivar Stefánsson og Stefán Helgason.

Áhöfn: 90 kindur, 2 kýr, 1 hross.

Tún 320 h.

Jörðin takmarkast af Mývatni að austan og norðan, Laxá og Kráká að vestan og merkjalínu á móti Álftagerði að sunnan.

14. Arnarvatn I, II, III og IV, vestan Krákár, síðasta spölinn áður en hún rennur í Laxá.

Ábúendur og eigendur:

Nr. I Jón Kristjánsson

Nr. II Kristján Benediktsson og Steinar Kjartansson

Nr III Arnljótur Sigurðsson

Nr IV Eysteinn Sigurðsson

Áhafnir jarðanna eru mjög svipaðar

ca 100 - 150 kindur 2 - 4 kýr og 2 - 3 hross á býli

Tún svipuð að stærð 250 - 350 h.

Jarðirnar takmarkast af Kráká að austan, Laxá að norðan og Helluvaðsá að vestan og að sunnan Arnarvatn og lína úr því austur í Kráká. Auk þess tilheyrir Geldingsey Arnarvatnsbæjum og all margir hólmur í Laxá.

Skrá yfir jarðir sem land eiga að Laxá í Laxárdal í S. - Þingeyjarsýslu.

Unnið af Páli Hafstað sept. - des. 1965.

1. Arnarvatns bæirnir 4 eiga land að tveimur syðri kvíslum Laxár, þeim er renna beggja megin Geldingaeyjar frá upp-tökum árinna í Mývatni og ca 4 km til vesturs að Helluvaðsá á móts við Helluvað.  
Sjá Arnarvatn á skrá I hvað varðar aðrar uppl.
2. Helluvað I, II og nýbýlið Laxárbakki eiga óskift land að Laxá að vestan á ca 5 km kafla.
  - a) Helluvað I er háflenda gamla Helluvaðs. Eigandi og ábúandi Jónas Sigurgeirsson.  
Áhöfn 1963 ca 200 kindur, 4 kýr og 3 hross.  
Töðufall 540 h.
  - b) Helluvað II  
Eigandi og ábúandi Gísli Arnason.  
Áhöfn 150 kindur, 5 kýr.  
Töðufall ca 400 h.
  - c) Laxárbakki =  $\frac{1}{2}$  Helluvað II nýbýli.  
Eigandi og ábúandi Árni Gíslason.  
Áhöfn og peningshús sameiginleg með Helluvaði II.
3. Geirastaðir eiga land beggja megin Geirastaðakvíslar spölkorn niður fyrir stíflumannvirkið.  
Ábúandi: Stefán Sigurðsson.  
Áhöfn: 110 kindur, 4 kýr, 1 hross.  
Töðufall 200 h, út hey 100 h.
4. Nónbjarg nýbýli úr Geirastadalandi. Á sameiginlega með Geirastöðum landið að Geirastaðakvísl, beggja megin.  
Ábúandi: Finnbogi Stefánsson.  
Áhöfn: 40 kindur, 2 kýr.  
Töðufall 130 h.



5. Hofsstaðir eiga land að Laxá austanverðri á 8.5 km kafla allt frá Geirstöðum niður að hreppamörkum Skútustaðahr. og Reykdælahr.  
Ábúandi ( og eigendur ) Kristjana Kristjánsdóttir í félagsbúi með sonum sínum tveim, Ásmundi og Guðmundi Jónssonum ( báðir ókvæntir ).  
Áhöfn 100 kindur, 6 kýr.  
Töðufall 370 h.  
Landfræðilega eru Hofsstaðir efsti bær í Laxárdal, austan Laxár.
6. Hamar, eyðibýli síðan 1945, á land að Laxá að austan á rúmlega 5 km kafla. Landamerkin takmarkast af hreppamörkum að sunnan en af Hellnagili, Hóla og Árhólalandi að norðan.  
Eigandi jarðarinnar er Hreinn Sigtryggsson Egilsstöðum í Villingaholtshr. Árn. eða sonur hans Ölver til heimilis á sama stað.
7. Brettingsstaðir, eyðibýli síðan 1955. Eiga land að Laxá að vestan á nærri 4 km kafla, frá hreppamörkum Mývatnssveitar og Reykdælahr. að sunnan.  
Eigandi jarðarinnar er Jakob Gíslason raforkumálastjóri að 2/3 og Hálfðan Eiríksson Reykjavík að 1/3.
8. Ljótsstaðir liggja að Laxá að vestan. Eiga land að ánni á nærri 4 km kafla.  
Ljótsstaðaland liggur að Brettingsstaðalandi að sunnan og að Auðnalandi að norðan.  
Bærinn stendur á mjóu sléttlendi milli hrauns og hlíðar.  
Hraun er allsstaðar með fram Laxá.  
Talin góð sauðjörð.  
Áhöfn: 250 kindur, 6 kýr og 2 hross.  
Ábúandi og eigandi. Helgi Hjálmarsson 63 ára gamall einbúi.  
Töðufall um 700 h.

9. Auðnir liggja að Laxá að vestan, Ljótstöðum að sunnan og Þverá að norðan. Eiga land að Laxá á ca 4 km kafla. Þarinn stendur ofarlega í túninu sem víða er allbratt. Engi er slétt og gras gefið á Laxárbökkum og kúabithagar allgóðir suður með ánni. Áhöfn 90 kindur, 3 kýr, 2 hross. Töðufall 200 h og 100 h út hey. Ábúandi og eigandi Benedikt Jónsson um 70 ára.
10. Þverá liggur að Laxá að vestan, Auðnum að sunnan og Halldórsstöðum að norðan. Á land að Laxá á rúmlega 2 km kafla. Gamall torfbær og kirkja standa ofarlega í túninu. Nýræktartún er talsvert á flatlendi undir brekkunni milli brekku og hraunsins og einnig neðan hraunsins meðfram ánni. Árhólar eru líka ræktaðir sem tún. Áhöfn 300 kindur, 3 kýr og 1 hross. Töðufall ca 1000 h ( allt mikil nýrækt í uppsiglingu ) Ábúandi og eigandi Jónas Snorrason, 74 ára.
- Halldórsstaðir I, II, III og IV liggja að Laxá að vestan á um 2.5 km kafla, að Þverá að sunnan og Birningsstöðum að norðan. Íbúðarhús jarðanna standa skammt hver frá öðrum og liggja tún jarðanna saman.
11. Halldórsstaðir I er syðst í landareigninni og er 1/3 hluti allrar jarðarinnar. Eiga allmikið graslandi meðfram Laxá - beiti land. Íbúðarhús jarðarinnar byggt úr timbri um 70 ára gamalt - að hálfu eign Halldórsstaða I og að hálfu eign Halldórsstaða II. Áhöfn um 40 kindur, 2 kýr og 2 hross. Töðufall ca 400 h. Eigendur og ábúendur eru William og Þór Pálssynir ókvæntir, annar rúmlega sjötugur en hinn rúmlega sextugur.

12. Halldórsstaðir II, eyðibýli nytjað frá Halldórsstöðum IV. Er í miðhluta landsins og er 1/6 hluti allrar gömlu jarðarinnar.  
Íbúðarhús að ½ með Halldórsstöðum I.  
Eigandi er Þóra Hallgrímsdóttir Húsavík.
13. Halldórsstaðir III, liggja að Halldórsstöðum II að sunnan og Tvígarði og Merkgigli að norðan. Jörðin er hálfhlenda hinnar gömlu jarðar.  
Íbúðarhús úr timbri nærri 60 ára gamallt.  
Áhöfn, um 60 - 100 kindur, 5 kýr.  
Töðufall um 400 - 450 h.  
Ábúandi Torfi Hjálmarsson um sjötugt.  
Eigandi Háskóli Íslands.
14. Halldórsstaðir IV, nýbýli stofnað 1959 úr Halldórsst. III, nyrst í landareign gömlu jarðarinnar.  
Nýtt íbúðarhús úr steinsteypu.  
Nýræktarland ca 4 - 5 ha og ca 6 ha engjaland á Laxárbökkum.  
Ábúandi er Asgeir Torfason ( erifaábúð ).  
Eigandi: Háskóli Íslands.
15. Birningsstaðir - vestan Laxár, nyrsti bærinn í dalnum . Jörðin takmarkast af Merkgigli að sunnan ( Halldórsstöðum III og IV ) og hreppamörkum að norðan ( landamerki Grenjabarstaða ) Birningsstaða eyja í Laxá tilheyrir jörðinni þar eru um 20 h engjar og andavarp nokkuð.  
Íbúðarhús úr timbri um 45 ára gamallt.  
Áhöfn um 100 fjár, 3 kýr og 2 hross.  
Töðufall um 400 h.  
Ábúandi er Þormóður Torfason  
Eigandi Kirkjujarðarsjóður.

16. Hólar, austan Laxár. Jörðin takmarkast að sunnan af svonefndu Hellnagili. Þar liggja lönd Hamars og Hóla og Kasthvamms um svonefndan Markhólma í Laxá. Hólar 2/3 hluta gömlu jarðarinnar og nýbýlið Árhólar 1/3 hluti af gömlu Hólum, eiga land óskift með fram Laxá á nærri 7 km kafla. Íbúðarhús hlaðið úr höggnu grjóti 75 - 80 ára gamalt. Áhöfn um 100 kindur, 2 - 3 kýr og 1 hross. Töðufall um 350 h. Ábúandi og eigandi Sigurður Helgason um sjötugt.
17. Árhólar nýbýli 1956, 1/3 hluti af landi gömlu Hóla ( sjá Hóla ). Aðeins tún jarðanna eru skift. Íbúðarhús er steinsteypu byggt 1956. Áhöfn um 100 kindur, 2 kýr og 1 hross Töðufall 300 - 400 h. Eigandi og ábúandi er Hallur Þór Hallgrímsson, 45 ára.
18. Kasthvammur, nyrzt jarða í Laxárdal austan Laxár á land með fram ánni á ca 5.8 km kafla. Að sunnan eru landamerki Kasthvamms og Árhvamms annarsvegur, sem er nýbýli á hálfleнду Kasthvamms, og Hóla og Árhóla hinsvegur eru um Markhólma í Laxá. Að norðan liggur land Kasthvamms og Árhvamms að Presthvammslandi en þar eru hreppamörk Reykdæla- og Aðaldalahrepps. Jörðinni tilheyra nokkrir hólmar í Laxá sem stundum eru notaðir til slæga, annars eru þar varplönd anda. Íbúðarhús steinsteypu byggt að mestu 1939 og stendur það allhátt í Hvamminum. Áhöfn: ca 170 kindur, 5 kýr og 3 hross. Töðufall um 600 h. Ræktunarland er fremur lítið og ekki gott til vinnslu meðfram Laxá. Ábúandi er Bergsteinn Gunnarsson og bróðir hans Gunnlaugur. Eigandi: Ríkissjóður.

18. Árhvammur er nýbýli á ½ landi Kasthvamms stofnað 1939.  
Beitiland jarðanna er óskift en tún og engjar skiftar.  
Íbúðarhús úr steinsteypu byggt 1939, stendur allmikilð lægra  
en Kasthvammshúsið, neðst í Hvamminum.  
Áhöfn rúmlega 200 kindur, 6 kýr og 3 hross.  
Töðufall ca 600 h.  
Ábúandi: Pétur Jónsson 64 ára.  
Eigandi Ríkissjóður.
19. Árhvammur, nýtt íbúðarhús steinsteyppt, stendur allhátt í  
Hvamminum.  
Eigandi Þorkell Pétursson  
Hefir lítinn búskap og land nytjar með föður sínum í  
Árhvammi.

Skrá yfir jarðir sem land eiga að Laxá í Aðaldal S.- Þing.

Unnið af Páli Hafstað sept. - des. 1965.

1. Grenjaðarstaður eru 6 jarðir. Árið 1931 var jörðinni skift í 5 jafna parta með sameginlegu beitilandi óskiftu og árið 1941 var stofnað nýbýli úr óskiftu landi hinna 5 jarða sem fyrir voru.

Þessar jarðir eiga land meðfram Laxá að vestan á ca 6.5 km lafla.

Jarðirnar heita:

1. Grenjaðarstaður

Íbúðarhús steinsteypt 1936 + viðb. 1956.

Áhöfn 65 kindur, 9 kýr, 2 hross.

Töðufall ca 650 h.

Ábúandi: Sr. Sigurður Guðmundsson 45 ára.

Eigandi: Ríkissjóður.

2. Brúar:, Skift úr Grenjaðarstað 1931.

Íbúðarhús steinsteypt 1934.

Áhöfn 80 kindur, 10 kýr, 1 hross.

Töðufall ca 700 h + smávegis út heys heysk.

Ábúandi: Þorgeir Jakobsson 63 ára.

Eigandi: Ríkissjóður.

3. Aðalból: Skift úr Grenjaðarstað 1931.

Íbúðarhús steinsteypt 1932.

Áhöfn 118 kindur, 9 kýr, 2 hross.

Töðufall rúml. 700 h.

Ábúandi Þrándur Indriðason 67 - 68 ára.

Eigandi: Ríkissjóður.

4. Búvellir == Aðalból II, skift úr Grenjabarstað.  
Íbúðarhús, steinsteypt, 1955.  
Áhöfn 50 kindur, 14 kýr, 1 hross.  
Töðufall ca 550 h og út hey ca 150 h.  
Ábúandi: Sigurður Sörensson 53 ára.  
Eigandi: Ríkissjóður.
  
5. Staðarhóll ( nýbýli úr Grenjabarstað ), símsstöð og póstaflgreiðsla í Aðaldal.  
Íbúðarhús steinsteypt 1932 og viðbót síðar.  
Áhöfn: 30 - 40 kindur, 13 - 15 kýr, 1 hross.  
Töðufall: 650 h og út hey ca 50 h.  
Ábúandi: Hannes Jónsson 65 ára.  
Eigandi: Ríkissjóður.
  
6. Hvoll skift úr Grenjabarstað nýbýli 1941.  
Íbúðarhús steinsteypt 1941.  
Áhöfn 40 - 50 kindur, 10 - 14 kýr, 5 hross.  
Töðufall 500 - 550 h + 30 h úthey.  
Ábúandi: Bjarni Gunnlaugsson 66 ára.  
Eigandi: Ríkissjóður.  
  
Eru þá taldar hinar 6 jarðir sem skiftar voru út úr Grenjabarstað.
  
7. Presthvammur á land að Laxá að austan á rúmlega 5 km kafla og auk þess á jörðin Þórunnarey í Laxá sem er undan Hraunlandi.  
  
Jörðin afmarkast af hreppamörkum Aðaldala- og Reykdælahrepps að sunnan og Klambralandi að norðan.  
Íbúðarhús steinhús 1949.  
Áhöfn: 75 kindur, 14 kýr, 1 hross.  
Töðufall: ca 1000 h.  
Ábúandi: Helgi Sigurgeirsson ca 56 - 58 ára.  
Eigendur: Björn og Friðgeir Björnssynir og Helga Björnsdóttir.

8. Klömbrur eiga land að Laxá að austan á ca 1 km kafla og markast jörðin af landamerkjum Hrauns að norðan og Presthvamms merkjum að sunnan.  
Íbúðarhús steinsteypt 1941.  
Áhöfn: ca 100 kindur 12 - 13 kýr og 2 hross.  
Töðufall ca 1200 h.  
Ábúandi og eigandi Óskar Jónsson
9. Hraun á land meðfram Laxá að austan á tæpl. 4 km kafla.  
Íbúðarhús steinsteypt 1938 + viðb. 1960.  
Áhöfn: 90 kindur, 20 kýr og 2 hross.  
Töðufall 900 - 1000 h.  
Ábúendurog eigendur: Kjartan Sigtryggsson rúml. 60 ára og Hólmgrímur Kjartansson rúml. 33 ára.
10. Fornhagi, Hagi I og Hagi II og Austurhagi. Eiga land meðfram Laxá að austan á ca 3.5 km kafla ( mér er ekki kunnugt um merkin milli þessara jarða ).  
Fornhagi 1/6 hluti gamla Haga nýb. 1952.  
Íbúðarhús steinsteypt 1952 .  
Áhöfn 20 kindur, 20 kýr, 2 hross.  
Töðufall 750 h.  
Ábúandi og eigandi Forni Jakobsson 58 ára.
11. Hagi I 1/3 hluti gamla Haga  
Íbúðarhús steinsteypt 1929.  
Áhöfn 10 - 20 kindur, 14 kýr, 1 hross.  
Töðufall ca 400 h + úthey ca 100 h.  
Ábúandi og eigandi: Andrés Jakobsson um 60 ára.
12. Hagi II 1/6 hluti af gamla Haga.  
Íbúðarhús úr timbri 1928.  
Áhöfn ca 50 kindur, 11 kýr.  
Töðufall ca 450 h.  
Ábúandi og eigandi Dagur Jóhannesson móðir hans Jóna Jakobsdóttir.



13. Austurhagi 1/3 hluti af gamla Haga  
 Íbúðarhús: steinsteypt 1946.  
 Áhöfn: ca 80 kindur, 5 kýr, 4 hross.  
 Töðufall: 500 h.  
 Ábúandi: Sæþór Kristjánsson  
Eigandi: Ketill Indriðason, Fjalli.

Múlatorfan: Á land að Laxá að vestan á ca 1.7 km kafla.  
 Torfan takmarkast af sameiginlegum landamerkjum við Grenjaðar-  
 staðatorfu að austan og Laxá og Syðra - Fjallslandi að norðan.  
 Til Múlatorfu heyra þessar jarðir:  
 Múli I og II, Kraunastaðir, Norðurheið, Grímshús og Hellu  
 land - Jarðirnar eru ríkiseign.  
 Veðirétt í Laxá og úthaga eiga jarðirnar sameiginlega.

14. Múli I ( í Múlatorfu )  
 Íbúðarhús: steinsteypt 1946.  
 Áhöfn ca 100 fjár, 20 kýr, 3 hross.  
 Töðufall ca 850 h + 50 h út hey.  
 Ábúandi: Ástvaldur Jónatansson nærri 7 tugur.  
Eigandi: Ríkissjóður.

15. Múli II ( í Múlatorfu )  
 Íbúðarhús: steinsteypt 1946.  
 Áhöfn: 120 fjár, 13 kýr, 3 hross.  
 Töðufall ca 700 h + 100 h út hey.  
 Ábúandi: Gestur Kristjánsson nærri 6 tugur.  
Eigandi: Ríkissjóður.

16. Kraunastaðir ( í Múlatorfu )  
 Íbúðarhús steinsteypt 1956.  
 Áhöfn 120 fjár, 15 - 18 kýr og 7 hross.  
 Töðufall 850 h + 100 h út hey.  
 Ábúandi: Ólafur Gíslason ( 67 - 68 ára ) og synir.  
Eigandi: Ríkissjóður.

17. Norðurhlíð ( í Múlatorfu ).  
Íbúðarhús steinst. 1946.  
Áhöfn: ca 100 fjár, 10 kýr og 3 hross.  
Töðufall ca 550 h + 80 h úthey.  
Ábúandi: Kristján Jónatansson 64 ára.  
Eigandi: Ríkissjóður.
18. Grímshús ( í Múlatorfu )  
Íbúðarhús úr timbri 1955.  
Áhöfn: 50 fjár, 15 kýr og 3 hross.  
Töðufall 7 - 800 h.  
Ábúandi: Kristjana Árnadóttir og synir.  
Eigandi: Ríkissjóður.
19. Helluland ( í Múlatorfu ).  
Íbúðarhús steinhús, hlaðið 1947.  
Áhöfn: 80 fjár, 12 - 14 kýr, 1 hross.  
Töðufall ca 700 h + 60 h úthey.  
Ábúandi: Völundur Hólmgeirsson og Hólmgeir Stefánsson.  
Eigandi: Ríkissjóður.
20. Syðra Fjall I - Á land að Laxá að vestan á ca 1 km kafla með S. Fjalli II.  
Íbúðarhús steinsteypt 1914.  
Áhöfn 40 - 50 fjár, 10 kýr, 1 hross.  
Töðufall ca 250 h + úthey ca 160 h.  
Ábúandi og eigandi: Högni Indriðason ( rúmlega 60 ára ).
21. Syðra Fjall II, Á land að Laxá að vestan á ca 1 km kafla með S. Fjalli I.  
Íbúðarhús steinsteypt 1929.  
Áhöfn: ca 60 fjár, 10 kýr, 1 hross.  
Töðufall ca 600 h + úthey ca 20 h.  
Ábúandi og eigandi: Ólafur Sigurgeirsson ( rúmlega 60 ára ).
22. Ytra - Fjall, Á land að Laxá að vestan á ca 1 km kafla, norður af Syðra Fjallslandi og afmarkast að norðan af Hólmavaðslandi.  
Íbúðarhús, úr steini 1960.  
Áhöfn: ca 150 fjár, 8 kýr og 3 hross.

Töðufall: ca 500 h + úthey 250 h.

Ábúandi: Ketill Indriðason.

23. Hólmavað. Á land að Laxá að vestan á ca 1.5 km kafla norður af Ytra Fjalli og takmarkast af Nes og Árneslandi að norðan. Íbúðarhús steinsteypa 1921.  
Áhöfn: ca 80 fjár, 12 kýr.  
Töðufall ca 500 h.  
Ábúendur og eigendur: Kristján Benediktsson rúm . 40 ára og Benedikt Kristjánsson um 80 ára.
24. Árnes, nýbýli á ½ af gamla Nesi, vestan Laxár. Á land að Laxá beggja megin drinnar, óskift með Nesi og nýbýlinu Laxárnesi. Að vestan eiga þessar jarðir land að Laxá á rúmlega 3 km kafla og að austan á rúmlega 2.5 km kafla.  
Íbúðarhús, steinsteypt 1945 og viðb. 1960.  
Áhöfn rúmlega 100 fjár og 27 - 30 kýr.  
Töðufall 1100 h.  
Ábúandi og eigandi: Hermóður Guðmundsson 50 ára.
25. Nes úthagi og hlunnindi í Laxá er óskift með Árnesi og Laxárnesi sjá Árnes nr. 24.  
Íbúðarhús steinsteypt ca 1940.  
Áhöfn 100 fjár, 18 - 20 kýr, 3 hross.  
Töðufall 750 h.  
Ábúandi og eigandi ( 2/3 hl. Nes ) Steingrímur Baldvinsson 72 ára.
26. Laxárnes ( nýbýli 1/3 hl. Ness ) ( sjá lýsingu af Árnesi nr 24 ).  
Íbúðarhús samb. við íbh. í Nesi nýtt steinst.  
Eigandi. Pétur Steingrímsson frá Nesi.
27. Jarlsstaðir. Vestan Laxár - Takmarkast að sunnan af Nes- og Árneslandi en að norðan á eiga Jarlsst. og Tjörn landamerki saman. Eiga land að Laxá á ca 2 km kafla.  
Íbúðarhús steinhús 1930.  
Áhöfn: 90 fjár, 16 kýr.  
Töðufall ca 500 h + 70 h úthey.

Abúandi og eigandi: Einar Jónsson 35 - 37 ára.

28. Tjörn, á land að Laxá að vestan á rúmlega 1,2 km kafla - Að sunnan að Jarlisstöðum og að norðan að Knútsstöðum.

Ibúðarhús steinsteypt 1944.

Ahöfn 15 - 16 kýr.

Töðufall ca 650 h.

Abúandi og eigandi Skúli Sigurðsson

29. Knútsstaðir eiga land að Laxá að vestan á ca 2.9 km kafla og auk þess smá kafla nyrst í Árbótalandi austan ár. Að sunnan liggur Knútsstaðaland að Tjörn og að norðan að Núpalandi.

Ahöfn: 60 fjár, 12 - 14 kýr.

Töðufall ca 1000 h.

